



Reykjavík 29. mars 2021
Tilvísun í mál: R21030201

Borgarráð
b.t. skrifstofu borgarstjórnar
Ráðhúsinu, Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Svar við fyrirspurn Sósíalistaflokks Íslands í borgarráði um Fasteignakaup Félagsbústaða árin 2019 og 2020

Á fundi borgarráðs 18. mars sl. lagði áheyrnarfulltrúi Sósíalistaflokks Íslands fram fyrirspurn um kaupáætlun Félagsbústaða 2019 og 2020. Í fyrirspurninni kemur fram að Félagsbústaðir hafi á árinu 2019 keypt 112 íbúðir eða 13 íbúðum undir áætlun og að á árinu 2020 hafi verið keyptar 127 íbúðir eða tæplega 90% af því sem áætlað var að festa kaup á.

Spurt er um áætluð heildarfjárútlát ef áætlanir um kaup hefði gengið eftir og ástæður þess að áætlanir um kaup hafi ekki náðst.

Svar Félagsbústaða:

Áætlun ársins 2019 gerði ráð fyrir að keyptar yrðu 125 íbúðir og var kostnaður áætlaður 3.966 m.kr. Raunkostnaður vegna kaupanna nam 3.613 m.kr. Ónýtt heimild til íbúðakaupa á árinu 2019 nam því 353 mkr.

Áætlun ársins 2020 gerði ráð fyrir að keyptar og byggðar yrðu 144 íbúðir og að til þess yrði varið 4.707 m.kr. Raunkostnaður vegna kaupa og bygginga nam 4.285 m.kr. Í þessari fjárhæð eru meðtalin kaup Félagsbústaða á 7 íbúðum í eigu Reykjavíkurborgar. Þannig nam heildarfjöldi keyptra íbúða á árinu 134. Ónýtt heimild til íbúðauppbyggingar á árinu 2020 nam því 422 mkr.

Meginástæður þess að áætlanir um kaup náðust ekki að fullu var takmarkað úrval af hentugum íbúðum, hátt verð í nýbyggingum og í einhverjum tilfellum seinkun á áformuðum byggingaframkvæmdum.

Virðingarfyllst,

Sigrún Arnadóttir,
framkvæmdastjóri